



Umhverfis- og orkustofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Iceland

Garðabær, 10.2.2025

Málsnúmer: 202501-0087

SS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita við Bolaöldu og Brennisteinsfjöll

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og orkustofnun, dagsett 21 janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Reykjavík Geothermal fyrir rannsóknarleyfi vegna háhitaleitar suðvestan við svæði þar sem núverandi rannsóknarleyfi fyrirtækisins gildir.

Óskað er eftir leyfi til rannsókna á svæði sem nær yfir Brennisteinsfjöll og þar með svæði sem fjallað hefur verið um í 2. áfanga rammaáætlunar og Alþingi samþykkti árið 2013 að setja í verndarflokk. Hæstiréttur ógilti friðlýsingu Brennisteinsfjalla fyrir orkuvinnslu, þar sem framkvæmd friðlýsingarinnar var dæmd ólögmæt því Alþingi hafði ekki fjallað um afmörkun verndarsvæðisins eins og lög gera ráð fyrir.

Fram hefur komið í tilkynningu frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafi óskað eftir því að verkefnisstjórn rammaáætlunar muni taka Brennisteinsfjöll, ásamt sjö öðrum svæðum þar sem friðlýsing var einnig dæmd ólögmæt af sömu ástæðu, til endurmats. Hins vegar kemur ekkert fram sem gerir ráð fyrir öðru en að flokkun verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar standi óbreytt og að Alþingi muni samþykkja að þessir virkjunarkostir verði áfram flokkaðir í verndarflokki en að þessu sinni með skýrt afmörkuðu verndarsvæði svo hægt sé að framkvæma friðlýsingu á löglegan hátt. Brennisteinsfjöll var metið með verðmætari hábitasvæðum sem til umfjöllunar í 2. áfanga, ekki síst því þar er eitt stærsta lítt snortna víðernissvæði í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins.

Náttúrufræðistofnun telur því ekki forsendur fyrir því að veitt sé leyfi til rannsókna á svæðinu með það að markmiði að kanna möguleg tækifæri til jarðhitanytingar og að það sé með öllu ótímabært að taka ákvörðun um slíkar leyfisveitingar þar til efnislegri meðferð virkjunarkostsins lýkur hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og Alþingi. Ljóst er að slíkt leyfi myndi stangast algjörlega á við fyrri niðurstöðu Alþingis um flokkun í verndarflokk og það faglega mat á verndargildi svæðisins sem sú niðurstaða byggði á. Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að umsókninni sé hafnað.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar